

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2011**

2011/EES/37/10

frá 1. apríl 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2011 frá 11. febrúar 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 581/2010 frá 1. júlí 2010 um hámarksfrest fyrir niðurhal viðkomandi gagna af skráningarhluta ökurita og af ökumannskortum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 24ea (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/810/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„24eb. **32010 R 0581**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 581/2010 frá 1. júlí 2010 um hámarksfrest fyrir niðurhal viðkomandi gagna af skráningarhluta ökurita og af ökumannskortum (Stjtið. ESB L 168, 2.7.2010, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 581/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 7.4.2011, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 168, 2.7.2010, bls. 16.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.